

Afsal

Ríkiseignir, kt. 690981-0259, fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, afsala hér með Ísafjarðarbæ, kt. 540596-2639, endurgjaldslaust hluta af landi því (Núpur/Héraðsskóli landn. 140979) sem ríkissjóður eignaðist með makaskiptasamningi við landeigendur jarðarinnar Núps í Dýrafirði (landn. 140975), dags. 12. janúar 2006, sbr. og makaskiptasamningur dags. 20. ágúst 2010, þar sem eignamörkum var breytt í samræmi við endanlega uppmælingu landsins.

Landið sem um ræðir er skilgreint í d-lið makaskiptasamningsins og er land umhverfis garðinn Skrúð og er afmörkun þess 170 x 260 m eða 41.593 m² skv. viðfestum uppdrætti að frádregnum svokölluðum Skrúðsreit, landn. 140992, stærð 35 x 75 m eða 2.625 m², en hann eignaðist Ísafjarðarbær með samkomulagi við ríkissjóð þann 5. nóv. 1997.

Samtals er hið afsalaða land úr landi ríkissjóðs, Núpur/Héraðsskóli, landn. 140979 til Ísafjarðarbæjar, því 38,968 m² að stærð og mun það renna saman við land Ísafjarðarbæjar, Skrúð landn. 140992. Heildarstærð Skrúðslandsins verður því 41.593 m².

Ísafjarðarbær mun tryggja áframhaldandi uppbyggingu og þróun á svæðinu þannig að sómi sé að og mögulegt sé að taka á móti þeim aukna straumi gesta sem þangað sækja.

Ísafjarðarbær greiðir skatta og skyldur af eigninni frá þinglýsingu samkomulagsins og hirðir arð af henni frá sama tíma.

Rísi mál út af samkomulagi þessu, framkvæmd eða túlkun, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 2018

F.h. Ríkseigna:

F.h. Ísafjarðarbæjar

Samþykkt, 2018

f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskriftum og fjárræði aðila:

kt. _____

kt. _____